


Þriðjudagstónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar sumarið 1989. Tónleikarnir hefjast klukkan 20:30.

6. júní Gunnar Kvaran, selló og Gísli Magnússon, píanó. Verk eftir Couperin, Beethoven, Hafliða Hallgrímsson, Saint-Saëns og Boccherini.
13. júní Sigríður Gröndal, sópran og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó. Lög eftir Schubert, Debussy, Duparc og Hugo Wolf.
20. júní Hlíf Sigurjónsdóttir, fiðla. Einleiksverk fyrir fiðlu eftir J.S. Bach, Chaques Ibert, Ysaÿe og Grazyna Bacewicz.
27. júní Maarten van der Valk, Reynir Sigurðsson og Richard Korn. Jazztónleikar.
4. júlí Martial Nardeau, Guðrún S. Birgisdóttir, flautuleikarar, og Guðríður Sigurðardóttir, píanóleikari. Verk fyrir 2 flautur og píanó eftir Couperin, Beethoven, Doppler, Petrassi, John Cage og Mellnäs.
11. júlí Einar K. Einarsson, gítar og Robyn Koh, semball. Efnisskrá ákveðin síðar.
18. júlí Jónas Ingimundarson, píanó. Verk eftir Mozart, Schubert og Beethoven.
25. júlí Hlíf Sigurjónsdóttir, fiðla og David Tutt, píanó. Sónötur fyrir fiðlu og píanó eftir Debussy og Béla Bartók og verk eftir Carl Nielsen og Saint-Saëns.
1. ágúst David Tutt píanó. Verk eftir Schubert, Debussy og Liszt.

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hlíf Sigurjónsdóttir  
fiðluleikari



20. júní 1989  
kl. 20:30

**Hlíf Sigurjónsdóttir** lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1974, þar sem hún var nemandi Björns Ólafssonar. Ári síðar hélt hún utan og stundaði nám við háskólana í Indiana í Bandaríkjunum og í Toronto í Kanada. Að því loknu bauðst henni að dveljast sem styrkþegi í tvö ár við Listaskólann í Banff í Alberta fylki í Kanada. Árið 1981 kom hún heim og kenndi í tvo vetur við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Síðan þá hefur hún starfað sem fiðluleikari í Þýskalandi, Sviss og hér heima á Íslandi.

## Efnisskrá

- Johann Sebastian Bach (1685-1750)  
Úr partítu II í d-moll BWV 1004  
Allemanda  
Corrente  
Sarabanda  
Giga
- Eugène Ysaÿe (1858-1931)  
Sónata nr. 3 óp. 27 (1920)  
„Ballade“
- Jacques Ibert (1890-1962)  
Caprilena (1951)
- Grazyna Bacewicz (1913-1969)  
Pólsk kaprísa (1949)